

TÍMARIT HJÚKRUNARFRÆÐINGA 90 ÁRA

Tímarit
HJÚKRUNARFRÆÐINGA
THE ICELANDIC JOURNAL OF NURSING

Tímarit hjúkrunarfræðinga
Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 6405
Bréfsími 540 6401
Netfang christer@hjukrun.is
Vefsíða www.hjukrun.is

Útgefandi: Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Sími skrifstofu 540 6400

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Christer Magnusson

Tekið er á móti efni til birtingar á netfanginu
christer@hjukrun.is.
Leiðbeiningar um ritun fræðslu- og fræðigreina
er að finna á vefsíðu tímaritsins.

Ritnefnd
Ásta Thoroddsen
Bergbóra Eyólfsdóttir
Dóróthea Bergs
Kolbrún Albertsdóttir
Oddný S. Gunnarsdóttir
Vigdís Hrönn Viggósdóttir
Þórdís Þorsteinsdóttir

Fréttaeftir
Aðalbjörg Finnbogadóttir,
Christer Magnusson o.fl.

Ljósmyndir
Arnheiður Sigurðardóttir, Auðunn Níelsson,
Christer Magnusson, Guðrún Guðlaugsdóttir,
Hilmar Friðjónsson, Kristinn Ingvarsson o.fl.

Próförk og yfirllestur
Ragnar Hauksson

Auglýsingar
Guðrún Andrea Guðmundsdóttir, sími 540 6412

Hönnun
Þór Ingólfsson, grafískur hönnuður FÍT

Prentvinnsla
Litróf
Upplag 4100 eintök

Pökkun og dreifing
Póstdreifing



Christer Magnusson.

Eitt stærsta framfaraskref á síðustu öldum var tekið þegar ákvæði um tjáningar- og prentfrelsi fóru að birtast í stjórnarskrám eftir frönsku byltinguna 1789. Það er varla hægt að ofmeta áhrif þess að fólk hafi lagalegan rétt til þess að segja og skrifa hvað því finnst.

Um allan heim eru þó ofstækismenn sem telja sig hafa rétt til þess að banna skoðanir eða refsa fólk fyrir að tjá sig. Þetta eru reyndar alls ekki einungis fáeinir ofstækismenn, sem kenna sig við ákveðin trúarbrögð, heldur einnig stjórnvöld margra landa. Því þarf venjulegt fólk alltaf að berjast fyrir rétti sínum til þess að tjá sig. Við eigum að styðja viðleitni þess því þannig styrkjum við einnig okkar eigin stöðu.

Á þessu ári er Tímarit hjúkrunarfræðinga, eða reyndar tímaritið og fyrirrennari þess, 90 ára. Prentfrelsi var leitt í lög 1855 á Íslandi og var það forsenda þess að hjúkrunarkonur gátu ákveðið að gefa út tímarit 1925. Ritstjórnarstefna þess blaðs kristallaðist í orðunum: „Við eigum að skrifa það allar.“ Sú stefna hefur verið ríkjandi alla tíð síðan og langflestar greinar í Tímariti hjúkrunarfræðinga eru skrifaðar af hjúkrunarfræðingum.

Þrátt fyrir nafnabreytingar hafa árgangar haldið sér og þetta tölublað er því það fyrsta í 91. árganginum. Þó lá við slysi 1993 þegar Hjúkrun sameinaðist Tímariti Félags háskólamentaðra hjúkrunarfræðinga því fyrsta hefti Tímarits hjúkrunarfræðinga var kallað 1. tölublað 1. árgangs. Sem betur fer skiptu ritstjórnarfulltrúar um skoðun og næsta tölublað var sagt tilheyrja 70. árganginum.

Afmælið mun ekki fara fram hjá lesendum blaðsins. Helst mun það sjást í fjölda endurbirtra greina og í þessu tölublaði eru tvær greinar frá fyrstu árum tímaritsins. Einnig munu birtast viðtöl við hjúkrunarfræðinga sem hafa tekið þátt í að skrifa og ritstýra blaðinu. Fleiri en blaðið eiga einnig afmæli og sagt verður frá nokkrum slíkum.

Ýmsar aðrar uppkomur munu eiga sér stað á árinu en það á eftir að koma í ljós.